

Ed.

236. Frumvarp til laga

[172. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi 1970.)

1. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 23. gr., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 31. gr., með iðgjöldum miðuðum við starfstíma, unninn í þjónustu þeirra. Skal starfstíminn lagður í tryggingarvikur, en tryggingarvika er eining fyrir iðgjaldagreiðslu. Sé um að ræða fasta starfsmenn, sem taka mánaðarlaun eða árs-laun, reiknast árið 52 tryggingarvikur, en hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 48 klukkustundir ein tryggingarvika. Tryggingarvikufjöldi sjómanna er skráningar- eða ráðningartími í skiprúm. Iðgjald þetta greiða og bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreið í atvinnuskyni. Í reglugerð skal setja um þetta nánari ákvæði, m. a. um, hvernig ákvarða skal vinnustundafjölda í ákvæðisvinnu. Upphæð iðgjalda skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Í reglugerð skal og ákveða, hversu meta skuli til tryggingarvikna störf foreldra, sem dveljast og starfa á heimilum barna sinna eða fósturbarna, störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglinga, gamalmenna og öryrkja, sem dveljast og vinna hjá vandalausum án verulegrar kaupgreiðslu.

2. gr.

2. mgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Upphæð iðgjalda til slysatrygginga ber að miða við slysaþættuna. Skal skipta fyrirtækjum í áhættuflokka og ákveða iðgjald fyrir hvern flokk. Tryggingarvikan, sbr. 28. gr., er eining við iðgjaldaákvörðun. Ákvörðun iðgjalda skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna.

3. gr.

Í stað orðsins „grunnkaupstaxta“ í 1. mgr. 84. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 20/1965) komi orðið: dagvinnukaupi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. og 2. gr.

Frumvarp þetta er flutt til þess að taka af tvímæli. Í ljós hefur komið, sbr. úrskurð ríkisskattanefndar frá 11. maí s. l., að ágreiningur er um, hvernig skilja beri ákvæði 28. gr. og 40. gr. almannatryggingalaganna um, hvernig ákvarða skuli viku-

fjöldi, þegar reikna skal iðgjöld atvinnurekenda, annars vegar til lífeyristrygginga og hins vegar til slysatrygginga.

Ákvæði um iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga vegna annarra starfsmanna en sjómanna voru fyrst lögboðin árið 1925, en um iðgjöld þeirra til lífeyristrygginga árið 1946. Hafa ákvæði þessi allan þennan tíma verið nær samhljóða í öllum lagasetningum um þetta efni og efnislega eins. Hafa þau, svo og reglugerðir settar samkvæmt þeim, verið framkvæmd allan þennan tíma, án þess að að væri fundið, þar til nú. Á grundvelli laga- og reglugerðarákvæða hafa skattyfirvöld, sem annast álagninguna, sett sér ýmsar verksreglur, sem ætlað er að auðvelda vinnu og tryggja samræmi eftir föngum. Hafa verklagsreglur þessar verið sendar öllum skattyfirvöldum (nú skattstjórum) og þeim boðið af ríkisskattstjóra að fylgja þeim. Hafa þessar reglur eigi sætt gagnrýni af hálfu greiðenda, eða a. m. k. hefur ekki verið kærð álagning, þar sem þeim er beitt, fyrr en í máli því, er ríkisskattanevnd úrskurðaði hinn 11. maí s. l. Er því orðið um áralanga framkvæmd að ræða á nefndum ákvæðum í samræmi við þann skilning, sem skattyfirvöld og Tryggingastofnun ríkisins hafa lagt í þau.

Afleiðingin af úrskurði ríkisskattanevndar er sú, að gera verður ráð fyrir, að tryggingarvikum samkvæmt skilningi hennar á því hugtaki fækki verulega. Það jafngildir því, að tekjur lífeyristrygginga og slysatrygginga minnka að sama skapi, verði vikugjald atvinnurekenda reiknað út á sama grundvelli og til þessa. Þess ber að gæta, að samkvæmt almannatryggingalögum skulu atvinnurekendur bera 14% af iðgjöldum lífeyristrygginga, en öll iðgjöld slysatrygginga. Hér er því í báðum tilvikum um fyrir fram gefnar heildarfjárhæðir að ræða. Eftir er því aðeins spurningin um það, hvernig þessari fjárhæð skal jafnað niður á atvinnurekendur. Í stuttu máli sagt er ágreiningurinn um núverandi tilhögun í meginatriðum sá, að tryggingarvika, annarra en fastráðinna starfsmanna, hefur verið talin hverjar 48 klst., hvort heldur er um að ræða dagvinnu eða yfirvinnu. En áðurgreindur úrskurður gerir ráð fyrir, að aðeins dagvinnustundir skuli reiknast til iðgjaldsálagningar. Fleiri aðferðir koma augsýnilega til greina, svo sem að reikna iðgjöld sem hundraðshluta af launum, en það tíðkast nú orðið um ýmis gjöld. Þótt ekki sé ólíklegt, að það kunni að verða framtíðarlausn, þarfnast hún, að því er virðist við athugun, meiri undirbúnings en svo, að henni verði komið á að svo stöddu.

Augljóst er, að ákvarða verður fjárhagsgrundvöll almannatrygginganna að þessu leyti nú þegar. Kemur þá tvennt til greina: 1. Að hækka vikugjald þannig, að unnin verði upp sú fækkun tryggingarvika, sem leiðir af framangreindum úrskurði. Þessi aðferð krefst mjög mikillar undirbúningsvinnu og er lítt framkvæmanleg. 2. Að setja ótvíræð ákvæði, sem staðfesta þá framkvæmd, sem til þessa hefur verið viðhöfð, með það fyrir augum að spara mikla fyrirhöfn, en almannatryggingalögin eru nú í heildarendurskoðun og þarf að ákvarða þetta atriði í því sambandi, m. a. að meta, hvort ekki má gera ákvæði hér að lútandi einfaldari í framkvæmd. Af þessum ástæðum m. a. er valin sú leið til lausnar í þessu efni, sem hér er lagt til.

Um 3. gr.

Heimild sú til hækkunar bóta almannatrygginga, sem ráðherra er veitt í 84. gr. almannatryggingalaga, tekur aðeins til þess, er hækkun hefur orðið á grunnkaupi í þeirri starfsgrein, sem við er miðað, en ekki þess, er kaup hækkar vegna verðlagsuppbótar. Þetta virðist óeðlilegt, þar eð ljóst er, að tilgangur ákvæðisins er að gera mögulegt að sjá til þess með fljótvirkum hætti, að bætur almannatrygginga fylgi launum hlutfallslega. Virðist því sjálfsgagt að rýmka heimildina þannig, að hún taki ótvírætt til kauphækkana vegna verðlagsuppbóta og hún verði þannig í samræmi við ákvæði 38. gr. um heimild til hækkunar slysabóta, sem nú eru á þann veg.